

Þriðjudaginn 8. ágúst 1989.

Nr. 294/1989. **Ákærvaldið**

gegn

**Stefáni Steingrímssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar 14. júlí 1989 með heimild í 172. gr., 3. tl., laga nr. 74/1974. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Kæra barst héraðsdómara kl. 10.30 14. júlí. Samkvæmt ákvörðun Rannsóknarlögreglu ríkisins að kvöldi sama dags var varnaraðili látinn laus þá um kvöldið. Samkvæmt íslenskum réttarreglum, sbr. hæstaréttardóm 24. júní 1983 í máli nr. 119/1983, ber þó að kveða upp efnisdóm um kröfu varnaraðila.

Réttargæslumaður varnaraðila hefur sent Hæstarétti athugasemdir, sem dagsettar eru 25. júlí sl.

Þar segir: „Áður en úrskurðurinn var kveðinn upp, hafði rannsókn málsins staðið frá 13. júní sl. Rannsóknarlögreglan hafði lagt hald á þá muni og skjöl, sem verið höfðu í vörslu kærða og ætla mátti að hefðu sönnunargildi. Mörg vitni höfðu þegar verið yfirheyrð. Það var því ekki ástæða til að ætla, að kærði spillti sakargögnum með óskertu frelsi.

Það er með öllu óljóst í málinu, að rökstuddur grunur sé fyrir broti, sem geti varðað kærða þyngri refsingu en sektum eða varðhaldi. Tilvísun sakadómara til XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga er ónákvæm. Í fyrirtekt fyrir sakadómi 12. júlí sl. er það bókað án andmæla, að kærði sé ekki grunaður um að hafa notið ávinnings af ætluðum brotum. Kærði var handtekinn kl. 12.35 11. júlí sl. Hann var ekki leiddur fyrir dómara fyrr en kl. 15.10 12. júlí sl. Augljóst má vera, að kærði var ekki leiddur fyrir

dómara án undandráttar, svo sem ákvæði 65. gr. laga nr. 33/1944, um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, og 63. gr. l. nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, kveða skýrt á um. Dómara bar því þá þegar að láta kærða lausan.

Loks þykir mér rétt að taka fram, að þrátt fyrir það að skjólstæðingur minn hafi verið látinn laus 14. júlí sl., þótti ekki ástæða til að falla frá kærinni. Skjólstæðingur minn telur úrskurðinn rangan, og hann hefur lögvarða hagsmuni af því að fá um það úrlausn æðri dóms, hvort hann hafi verið úrskurðaður í gæsluvarðhald að ósekju.“

Upphaf máls þessa er það, að 13. júní sl. lásu eftirlitsmenn öku-mæla af mælum tveggja bifreiða og töldu, að þörf væri frekari könnunar. Sneru þeir sér þá þegar til Rannsóknarlögreglu ríkisins og sendu bæjarfógetanum í Hafnarfirði tilkynningu um „brot á reglum um öku-mæla“. Eftir þetta lét eigandi bifreiðanna með samþykki eftirlitsmanna löggilda mæla til bráðabirgða, og var það gert hjá Vélinni sf. í Reykjavík, en varnaraðili er framkvæmdastjóri fyrirtækisins og meðal eigenda þess. Rannsóknarlögregla sneri sér 16. júní til Iðntæknistofnunar Íslands. Var þess beiðst, að þar yrði reiknað svonefnt drifhlutfall í öku-mælum og mælisdrijfum beggja bifreiðanna. Svar barst 27. júní. Hinn 29. júní athugaði eftirlitsmaður mælana í fylgd lögreglumanns. Var farið með bifreiðarnar á starfsstöð Bifreiðaskoðunar Íslands hf. og mælarnir teknir úr þeim. Mælarnir voru síðan athugaðir hjá tæknideild Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Meðal máls skjala er ýtarleg skýrsla rannsóknarlögreglumanns. Ekki verður séð, hvenær hún er gerð, en í henni segir, að hún varði „fjársvik, brot á reglum um öku-mæla“. Er þar meðal annars sagt, að við skoðun tæknideildar rannsóknarlögreglunnar á búnaði úr G 3660 hafi komið í ljós, „að snigilhjól og snigilöxull voru ekki af réttri gerð. Þá kom í ljós, að fjöður, sem á að halda færsluarmi talnaverks mælisins, var brotin“. Þá segir í skýrslunni: „Við skoðun á mælisdrijf (triplex) úr bifreiðinni G 3660 kom í ljós, að tennur í tannhjólum voru 24 á inntakshjól og 33 á úttakshjól. Þessi samsetning tannhjóla er ekki til á lista yfir mælisdrijf (triplex) af gerðinni HICO...— Hvorki öku-mælir né mælisdrijf (triplex) er af þeirri gerð, sem skráð er í akstursbók bifreiðarinnar G 3660. Báðir

Þessir hlutir voru undir innsigli frá Vélinni, eins og komið hefur fram. Við skoðun á öikumæli úr bifreiðinni G 3657 hjá tæknideild RLR kom í ljós, að innsigli yfir skrifum á neðanverðum botni voru frá Vélinni. Þessi innsigli munu vera nýleg eða ekki eldri en frá fyrri helmingi árs 1989 að sögn eftirlitsmanna öikumæla. Segja þeir, að á þeim tíma hafi leturgerð á bókstafnum H í innsiglinu verið breytt úr H með beinum leggjum í H rituðu með skrifstöfum, „lykkju-skrift“. Þá voru skrifuhöndur í neðanverðum mælisbotninum með greinilegum nýlegum verkfæraförum. Inni í öikumælinum vantaði innsigli á teljaraverk mælisins, og nýleg rispa var í skrifuhönd, sem heldur teljaraverkinu. Þá voru endar á þeim skrifum, sem höndur eru á neðanvert á botninum, gljáandi, og bendir það til þess, að skrifurnar hafi nýlega verið teknar úr. Nýlegar rispur voru greinilegar á botni mælishússins undir teljaverki. Ekki er skráð neitt í akstursbók bifreiðarinnar G 3657 um, að mælirinn hafi verið opnaður.“

Loks segir í þeirri lögregluskýrslu, sem nú hefur verið rakin að hluta, að fyrir liggja, að öikumælir G 3660 hafi ekki sýnt nema 44,2% ekinnar vegalengdar, en öikumælir G 3657 81,8% ekinnar vegalengdar. Mælarnir hafi verið settir í bifreiðarnar hjá Vélinni og þjónusta síðan veitt þar. Þó hafi þjónusta við aðra bifreiðina einu sinni verið veitt á öðru verkstæði. Var það á árinu 1987.

Hinn 11. júlí sl. voru lagðar fyrir sakadóm Reykjavíkur kröfur rannsóknarlögreglunnar um húsléitarheimild og handtöku eiganda áðurgreindra bifreiða og varnaraðila. Varð dómari við kröfunum. Fóru þrjú rannsóknarlögreglumenn og einn eftirlitsmaður öikumæla á verkstæði Vélarinnar sf., gerðu þar leit og fluttu varnaraðila til yfirheyrslu kl. 13.30 fyrrgreindan dag. Hófst yfirheyrsla þegar kl. 13.40 hjá lögreglu. Sama dag gáfu lögregluskýrslur eigandi bifreiðanna, fyrrverandi starfsmaður Vélarinnar sf., og fjórir menn, sem unnu eða höfðu unnið við akstur hjá eiganda bifreiðanna. Daginn eftir, 12. ágúst, var yfirheyrslum haldið áfram, og gáfu þá skýrslur tveir menn, sem starfað höfðu hjá bifreiðaeigandanum.

Í áðurgreindri lögregluskýrslu kemur fram, að varnaraðili var 11. júlí kynnt yfirlitsskýrsla Rannsóknarlögreglu ríkisins, ljósmyndir, sem tæknideild þeirrar stofnunar hafði tekið, og niðurstöður verkfræðings Iðntæknistofnunar Íslands. Varnaraðili kvaðst „gera sér

grein fyrir, að mælisdrif og ökumælir ... G 3660 vinni ekki rétt“, og sagðist hann ekki vefengja, „að búnaðurinn hafi ekki mælt nema 44,2% ekinnar vegalengdar“. Hann sagðist hafa sett mælinn í bifreiðina árið 1987 og skráð, að um væri að ræða AZ-5-mæli. Hafi það verið yfirsjón sín, að ekki var um réttan mæli að ræða og að ekki var rétt mælisdrif (triplex) í bílnum. Þá sagðist varnaraðili hafa sett ökumæli af gerð AZ-5 í G 3657 á árinu 1987. Hann kvaðst ekki geta skýrt niðurstöðu snúningsteljara, sem sýndi 4,1 hring af 5 á eknum 10 metrum. Enn var varnaraðili í þessari yfirheyrslu spurður um innsigli á ökumæli í G 3657. Taldi hann, að það hefði verið sett snemma á þessu ári, en það hefði verið vegna kæruleysis síns, að það var ekki fært í akstursbók. Varnaraðili neitaði því að hafa þegið greiðslur frá eiganda bifreiðanna „fyrir ísetningu mælabúnaðar í bifreiðarnar aðrar en samkvæmt reikningi fyrir venjulega ísetningu“. Hann kvaðst aldrei hafa snúið niður mæla í bifreiðum til að svíkja undan greiðslu þungaskatts.

Þegar hinn kærði úrskurður var kveðinn upp, lá fyrir, að mælar, sem notaðir voru til að ákveða þungaskatt og varnaraðili hafði samkvæmt sérstakri löggildingu sett í tvær bifreiðar og síðan annast viðhald á, voru ekki í lagi. Sýndu mælarnir minni akstur en rétt var, og hafði það haft áhrif á skattgreiðslu eiganda bifreiðanna. Fram var einnig komið, að á verkstæði varnaraðila hafði ekki verið fært réttlæga í bækur það, sem gert hafði verið þar, sbr. 4. gr., 4. mgr., og 34. gr. reglugerðar um ökumæla, nr. 62/1977, sem um þetta gildir, sbr. 5. gr. reglugerðar um þungaskatt, nr. 593/1987, og 4. gr. B. 5. mgr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Ósamræmi var í skýrslum bifreiðaeiganda og varnaraðila um samskipti þeirra.

Rannsóknarlögregla studdi kröfu um gæsluvarðhald með því, að rökstuddur grunur væri um, að falsbrot hefðu verið framin með ísetningu og notkun ökumælanna svo og fjársvik. Ekki er þörf á að taka afstöðu til síðara atvísisins, en rökstuddur grunur var um brot varnaraðila á 158. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og þörf var á frekari rannsókn, án þess að varnaraðili hefði tækifæri til að torvela hana. Brot gegn 158. gr. almennra hegningarlaga getur varðað fangelsi allt að þremur árum, og stóð 65. gr., 3. mgr., stjórnarskrárinnar af þeim sökum því ekki í vegi, að gæsluvarðhaldi yrði beitt.

Varnaraðili, sem handtekinn var kl. 12.35 11. júlí sl., var leiddur fyrir dómara kl. 15.10 daginn eftir. Leiðir þessi málsmeðferð ekki til þess, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi, svo sem haldið er fram af hálfu varnaraðila.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð. Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. júlí 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 13. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinessyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að kærða, Stefáni Steingrímssyni, kt. 15.03.50-3369, Eyjabakka 20, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 21. júlí nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir eru þeir, að RLR hefur undanfarið unnið að rannsókn á ökumælum í dráttarbífreidunum G 3660 og G 3657, en þeir eru taldir sýna miklu minni akstur en talið er, að ekinn hafi verið. Umræddar bífreidar eru í eigu Gylfa Kristins Matthíassonar, er rekur fyrirtækið Uppfyllingu.

Við rannsókn hefur komið í ljós, að í ökumæli bífreidarinnar G 3660 eru snigilhjól og snigilöxull ekki af réttri gerð, svo að ökumælirinn sýnir styttri ekna vegalengd en raunverulega er ekin, en samkvæmt laga- og reglugerðarákvæðum um þungaskatt greiðist hann eftir ekinni vegalengd.

Þá leikur grunur á því, að ökumælir bífreidarinnar G 3657 hafi verið snúinn niður, og jafnframt, að hlutfall í drifrás sé rangt, svo að mælirinn snúist of hægt.

Kærði, sem rekur fyrirtækið Vélina, Súðarvogi 18, hefur annast ísetningu mælanna og eftirlit með þeim.

Kærði skýrði svo frá fyrir dóm, að sér hefði ekki verið ljóst, fyrr en rannsóknaraðilar bentu honum á það, að umræddir ökumælar voru ekki í lagi. Kærði viðurkendi, að sér hefðu orðið á mistök við drif í mælunum, en sér hefði ekki orðið það ljóst, fyrr en eftir að mál þetta kom upp. Þá neitaði kærði því að hafa nokkurn tíma unnið verk fyrir Gylfa með það fyrir augum, að ökumælarnir sýndu ekki rétt.

Samkvæmt vitnaframburði leikur grunur á brotastarfsemi af hálfu kærða

og Gylfa, einkum brot gegn XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Þar sem rannsókn máls þessa er á frumstigi og kærði undir rökstuddum grun um brot, er varðað getur hann fangelsisrefsingu, þykir nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að kærði nái að spilla sakargögnum með óskertu frelsi. Þykir því rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu RLR til greina.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Stefán Steingrímsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 21. júlí 1989 kl. 16.00.

---